



## ATVINNU-, FERÐA- OG MENNINGARNEFND HRUNAMANNAHREPPS 2022 – 2026

2. fundur Atvinnu-, ferða- og menningarnefndar Hrunamannahrepps kjörtímabilið 2022 – 2026 haldinn mánudaginn 23. nóvember 2022 kl. 17:30 í Ráðhúsinu á Flúðum.

Mættir eru: Ragnhildur S. Eypórsdóttir, formaður, Herbert Hauksson og Arna Þöll Sigmundsdóttir. Auk þeirra sat fundinn Aldís Hafsteinsdóttir, sveitarstjóri, sem ritaði fundargerð í tölvu. Varaformaður setti fund og stjórnaði.

Hér var gengið til dagskrár.

### 1. Fjárhagsáætlun.

Sveitarstjóri fór yfir fjárhagsáætlun ársins 2023, það sem snýr að verksviði nefndarinnar. Farið var yfir rekstrarliði, viðhald og eignasjóð.

Nefndin gerir ekki athugasemdir við fjárhagsáætlun ársins 2023.

### 2. Gjaldskrá Félagsheimilis Flúða.

Rætt um gjaldskrá félagsheimilisins og rætt um breytingar sem lagðar voru fram í drögum.

Nefndin telur nauðsynlegt að sveitarstjórn taki til gjaldskrána til skoðunar og fjalli sérstaklega um hvernig taka ber tillit til beiðna um afslætti af leiguverði.

### 3. Tillaga að jólamarkaði.

Arna kynnti hugmynd að jólamarkaði sem haldinn yrði laugardaginn 3. desember milli kl. 14:00 og 16:00 í félagsheimilinu. Á markaðnum yrðu fjölbreyttar vörur til sölu úr heimabyggð, mögulega væri hægt að vera með kakó og piparkökur, tónlistarnemendur gætu flutt jólalög og jólasveinar kæmu í heimsókn. Kveikt yrði á ljósum á jólatré fyrir utan félagsheimilið á sama tíma.

Nefndin samþykkir að halda jólamarkað í þessum anda og mun í sameiningu standa að undirbúningi og framkvæmd markaðarins.

### 4. Hugmyndir að verkefnum eftir jól.

Rætt um hugmyndir að starfi nefndarinnar á næstu misserum.

Nefndin samþykkir að halda hugarflugsfund með varamönnum til að kalla fram góðar hugmyndir að starfi nefndarinnar.

**5. Önnur mál.**

Rætt um möguleikann á því að haldinn verði kynningarfundur með atvinnurekendum í sveitarfélaginu þar sem aðilar geta kynnt starfsemi sína hver fyrir öðrum og þannig eflt tengslanet og meðvitund um það sem í gangi er í sveitarfélaginu á hverjum tíma.

Nefndin samþykkir að stefna á að halda slíkan fund á næsta ári.

**Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 19:15**

**6. Vinna við fyrirhugaða atvinnumálastefnu þriggja sveitarfélaga í uppsveitum Árnassýslu.**

Hrunamannahreppur, Bláskógabyggð og Grímsnes- og Grafningshreppur í samstarfi við SASS og ferðamálafulltrúa hafa tekið ákvörðun um að ráðast í gerð atvinnumálastefnu fyrir sveitarfélögin þrjú. Atvinnumálþing verður haldið í fyrstu viku október sem verði eins konar upptaktur að vinnunni sem framundan er. Nefndin fagnar þessu framtaki og vonast til þess að vinnan muni skila góðum árangri.

**7. Önnur mál.**

Rætt um þann vanda sem salernisleysi í þéttbýlinu er að valda gestum sveitarfélagsins. Nefndin leggur áherslu á að leitað verði lausna á þessu verkefni sem allra fyrst.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16:56.